



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 319

Bræðraborgarstígur 10

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 319

Bræðraborgarstígur 10

Steinbærinn-Bræðraborgarstígur 10 hefur verið í eigu sömu fjölskyldu frá 1887.

Þorlákur Teitsson kaupir húsið kaupir húsið 1890 og selur það syni sínum, Guðmundi H. Þorlákssyni, 1908.

Guðmundur fær leyfi til að setja kvist á austurhlið hússins í apríl 1920. 1923 er veitt leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni. (sbr. skjöl bygginganefndar í vörslu Borgarskjalasafns).

Afi gefandans, Guðmundur H. Þorláksson var byggingafulltrúi í Reykjavík frá 1920-1958. Guðmundur teiknaði mörg hús í Reykjavík á þessum tíma.

Skjalaskrá

Askja 1

Útskrift úr byggingarnefndarfundarbók Reykjavíkur um að 8. okt. 1853 hafi verið samþykkt leyfi að byggja bæ með steinveggjum og járnklæddu þaki við Bræðraborgarstíg.

Útskrift úr gestaréttarbók Reykjavíkurkaupstaðar 15. febrúar 1890, varðandi sætt um sölu hússins og staðfesting á leyfi Einars Einarssonar til Guðl. Guðmundssonar um að hann megi selja húseignina Bræðraborgarstíg 10, dags. 5. apríl 1890.

Staðfesting á sölu og afsali, dags. 13. september 1890, frá Guðl. Guðmundssyni til Þorláks Teitssonar. "Lesið í bæjarþingi Reykjavíkur 16. okt. 1890.

Staðfesting um greiðslu dags. 29. september 1891.

Afsal Þorláks Teitssonar skipstjóra á húseigninni til sonar hans Guðmundar Halldórs Þorlákssonar dags. 12. okt. 1908.

Staðfestingar á lánum frá Sparisjóði Reykjavíkur til Einars Einarssonar, dags. 28. nóvember 1884, yfirtöku Þorláks Teitssonar á lánum 24. nóv. 1890 og staðfesting á fullnaðargreiðslum 9. janúar 1911.

Brunatryggingarskjal frá Köbstæðernes Almindelige Brandforsikring Police, vegna Bræðraborgarstígs 10. dags. 21. júní 1920.

Veðbókarvottorð dags. 29. apríl 1922, fyrir húseigninni Bræðraborgarstíg 10 sem er í eigu Guðmundar H. Þorlákssonar.

Slysatryggingarskjal frá Livsforsikrings- og Forsørgelses- Anstalten af 1871, dags. 23. nóvember 1889, vegna Þorláks Teitssonar.